

REGLUR

um niðurgreiðslu smásöluverðs á neyslufiski.

Fjármálaráðuneytið hefur að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið ákveðið að frá og með 7. janúar 1988 skuli eftirfarandi reglur gilda til bráðabirgða um framkvæmd niðurgreiðslu smásöluverðs á neyslufiski. Reglur þessar miðast við að smásöluverð á neyslufiski hækki ekki umfram 10% við að sala á fiski verður söluskattsskyld.

1. Niðurgreiðslan tekur til eftirtalinnna fisktegunda enda hafi þær aðeins sætt venjulegri aðgerð: Ýsu, þorsks, ufsa, steinbíts, karfa, löngu, keilu, lúðu, kola, skötu, skötusels, rauðmaga og grásleppu svo og lifrar og hrogn þessara tegunda.

Með fiski, sem sætt hefur venjulegri aðgerð, er átt við fisk sem er flakaður, siginn, saltaður, kæstur, bútaður, hakkaður, reyktur (annar en álegg) eða frystur.

Niðurgreiðslan tekur þannig t.d. ekki til vatnafiska, hákarls, humars, rækju, smokkfisks eða annarra fisk-, krabba- og lindýrategunda. Niðurgreiðslan tekur ekki heldur til fisks sem sætt hefur einhvers konar vinnslu- eða geymslumeðferð umfram venjulega aðgerð, sbr. 2. mgr., og sölu á tilbúnum fiskréttum í verslunum eða veitingahúsum.

2. Matvöruverslanir sem m.a. selja fisk í smásölu skulu halda innkaupum á hverju uppgjörstímabili á þeim fisktegundum sem niðurgreiðslan tekur til skv. 1. tölul. aðgreindum í bókhaldi sínu. Við söluskattsuppgjör er þeim heimilt að draga frá söluskattsskyldri veltu sinni fjárhæð sem svarar til 75% af innkaupsverði þeirra fisktegunda sem hér um ræðir.

3. Sérverslanir með fisk skulu halda sölu á þeim fiski sem niðurgreiðslan tekur til skv. 1. tölul. aðgreindum frá annarri sölu. Við söluskattsuppgjör er þeim heimilt að draga frá heildarveltu sinni fjárhæð sem svarar til 54,545% af sölu á þeim fiski sem niðurgreiðslan tekur til og halda skal aðgreindri skv. framansögðu.

4. Reglur þessar gilda frá og með 7. janúar 1988.

Fjármálaráðuneytið, 6. janúar 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Þorláksson.